

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Flúða.

2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla). Greitt skal fyrir mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

3. gr.

| | |
|---------------------------------|-------|
| A. Varmagjald: | kr. |
| Varmagjald fyrir hvern rúmmetra | 43,29 |
| B. Mælagjald á mánuði: | |
| Mælastærð DN 15 | 679 |
| Mælastærð DN 20 | 889 |
| Mælastærð DN 25 | 1.101 |
| Mælastærð DN 32 | 1.311 |
| Mælastærð DN 40 | 1.522 |
| Mælastærð DN 50 | 2.084 |

4. gr.

C. Stofngjöld:

Innifalið í stofngjöldum er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituaðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

| | |
|---|--------|
| C1 Fyrir húsrými allt að 500 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ² | kr. |
| Mælagrindargjald | 52.645 |
| Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss | 141 |
| C2 Fyrir húsrými stærra en 500 m ³ og gróðurhús stærra en 200 m ² | |
| Mælagrindargjald | 64.344 |
| Fast gjald | 42.116 |
| Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram 500 m ³ /200 m ² | 109 |
| C3 Auka mælagrind: | |
| Mælagrindargjald | 45.041 |
| C4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 25m: | |
| Lengdargjald | 5.615 |

5. gr.

| | |
|---------------------------------|-------|
| D. Önnur gjöld: | kr. |
| Lokunargjald | 1.170 |
| Mælaálestrargjald (aukaálestur) | 1.170 |

6. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 443, 20. júlí 1998, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 4. júní 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.